



Akureyrarbær

Framtíð – Atvinna – Velferð

INNGANGUR

Þjónusta, atvinna og fjármál

Skipulag fyrir samfélag í vexti

Umhverfi og samgöngur

Skemmtilegur og fallegur bær

Íþróttir og tómstundir

Lífsgæði á efri árum

Velferð barna

Hindrunarlaust samfélag

Stóreflum hagsmunagæslu



Akureyrarbær er öflugt sveitarfélag með góða innviði og grunnþjónustu.

Samfélögin okkar eru fjölskylduvæn og heilnæm og við tökum vel á móti nýjum íbúum.

Á næstu árum ætlum við að sækja fram bæði í atvinnuuppbyggingu og í þjónustu við íbúa.

Málefнасamningur Sjálfstæðisflokks, L-lista og Framsóknar leggur grunn að **ábyrgri og framsækinni uppbyggingu** Akureyrarbæjar.

Við ætlum að **styrkja atvinnulíf**, bæta þjónustu og einfalda stjórnsýslu, ásamt því að gæta aðhalds í fjármálum.

Sérstök áhersla verður lögð á húsnæðismál, skipulag, samgöngur og umhverfi, auk þess sem við ætlum að efla menningarstarf, íþróttir og tómstundir.

Við viljum **bæta lífsgæði** eldri borgara, **styrkja velferð barna** og byggja upp hindrunarlaust samfélag.

Þá verður **hagsmunagæsla Akureyrarbæjar stórefld**, með áherslu á heilbrigðisþjónustu, menntun, samgöngur og öryggi.





Þjónusta, atvinna og fjármál

Setjum **atvinnumál í öndvegi** með skýrum og sýnilegum hætti.

Forgangsröðum rétt í stjórnslu og vinnum agaða fjármálastefnu.

Bætum **stafræna þjónustu** og nýtum gervigreind með markvissum hætti.

Sýnum **ábyrgð og aðhald í útgjöldum** og gerum rekstur bæjarins sjálfbæran.

Leggjum okkar að mörkum í að **ná niður verðbólgu** og vöxtum.

Nýtum allt svigrúm til að **lækka álögur** og gjöld heimila og fyrirtækja

Styðjum við frumkvöðla og vaxandi nýsköpunarumhverfi.

Höldum áfram að styðja við uppbyggingu og **þróun millilandaflugs**.

Endurvekjum viðtalstíma bæjarfulltrúa og **eflum samráð** við fyrirtæki og íbúa.





Skipulag fyrir samfélag í vexti

Vinum **nýtt og metnaðarfullt aðalskipulag**.

Fjölum atvinnu- og iðnaðarlóðum og setjum fram **framtíðarsýn fyrir uppbyggingu** hafnarsvæða.

Tökum upp **betra eftirlit** með framkvæmdum bæjarins.

Stuðlum að uppbyggingu **hagkvæms húsnæðis** fyrir ungt fólk og efnaminni.

Skipuleggjum **fjölbreytta byggð** fyrir ólíkar þarfir.

Bætum **aðgengi að miðbænum** og vinnum að bættu skipulagi bílastæðamála.

Endurskoðum fyrirkomulag á gjöldum á nýbyggingar.

Hefjum undirbúning á **nýrri slökkvistöð** og aðstöðu fyrir viðbragðsaðila.





Umhverfi og samgöngur

Setjum **umferðaröryggi skólabarna á oddinn**, bæði í skipulagi og við framkvæmdir.

Innleiðum 3–30–300 og stuðlum þannig að **bættri líðan íbúa**.

Byggjum **ekki of þétt** í nýjum hverfum.

Drögum úr svifryki og kaupum nýjan svifryksmæli.

Endurskoðum **aðgerðaáætlun** fyrir umhverfis- og loftslagsstefnu Akureyrarbæjar.

Verndum sérkenni eldri byggðar og menningarsögulegra minja.

Gerum bæinn okkar **hjólavænni**.
Setjum aukinn metnað í göngu- og hjólaleiðir og setjum upp **hjólreiðaskýli í miðbænum**.

Skoðum **nýjar lausnir í almenningssamgöngum**.

Aðlögum sveitarfélagið að **áhrifum loftslagsbreytinga**.





Skemmtilegur og fallegur bær

Fegrum miðbæinn og stuðlum þannig að blómstrandi mannlífi sem dregur til sín fólk og fyrirtæki. Frískum upp á Skátagilið, göngugötuna og komum upp útisviði miðsvæðis.

Höldum áfram að **styðja við viðburðahald** og fjölbreyttar hátíðir allt árið um kring.

Stækkum Menningarsjóð Akureyrarbæjar og **hlúum að öflugri grasrót.**

Endurvekjum **skapandi sumarstörf.**

Stuðlum að því að komið verði á fót **skólakór** á grunnskólastiginu.

Höldum bænum okkur **snyrtilegum og fallegum.**

Gerum **Lystigarðinn að heilsársáfangastað.**

Höldum áfram að **endurnýja leikvelli** í hverfum og á eyjunum.





Íþróttir og tómstundir

Vinum að **nýrri framtíðarsýn** fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Klárur uppbyggingu og frágang á svæði KA.

Hefjum **metnaðarfulla uppbyggingu** á Þórssvæðinu.

Bætum aðgengi barna með fötlun að íþróttum og tómstundum.

Aukum frístundastyrk og höldum áfram að þróa verkefnið.

Eflum íþróttatengda ferðaþjónustu allt árið um kring.

Styrkjum félagsmiðstöðva- og klúbbastarf fyrir **öll börn og ungmenni**.

Styðjum við verkefni eins og *Íþróttafélaginn* og *Allir með*.

Höldum áfram með **sumarfrístund barna** og **aukum úrval** sumarnámskeiða.

Hugum vel að **viðhaldi og öryggismálum** á hestástígum.





Lífsgæði á efri árum

Tryggjum *Félagi eldri borgara* **betri félagsaðstöðu**.

Skipuleggjum **lóðir undir lífsgæðakjarna** og fyrir 60+ íbúðir.

Samþættum þjónustu við eldri borgara og komum upp **heilsueflandi heimsóknum**.

Tökum upp **gjaldfrjáls bílastæði** í miðbænum fyrir eldri borgara.

Höfum **gjaldtöku á þjónustu** við eldri borgara hóflega.

Aukum **framboð tómsunda**, t.d. með verkefninu Karlar í skúrum.

Eflum *Virk efri ár* og **tryggjum aðgengi** allra að verkefninu.





Velferð barna

Aukum **gæði náms** í grunnskólum, með áherslu á grunnfærni. Eflum foreldrasamstarf.

Þróum áfram leikskólastarf og bætum starfsumhverfi.

Fylgjum *Farsæld barna* eftir og **tryggjum viðeigandi stuðningsúrræði** hverju sinni.

Þróum stoðþjónustu með farteymi sérfræðinga.

Komum betur til móts við foreldra meðan við **brúum bilið** milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Styrkjum starfsemi Hlíðarskóla og stytum biðlista.

Höldum áfram með framkvæmdir við Glerárskóla og förum í nauðsynlegar endurbætur á Síðuskóla.

Hefjum undirbúning og hönnun á nýrri **álmu við Lundarskóla** og á **nýju Lundarseli**.

Eflum heilbrigði, vellíðan og matargleði barna með góðum og næringarríkum mat.

Stuðlum að **fjölbreyttri list- og verkgreinakennslu** í öllum grunnskólum.

Aukum forvarnarstarf í breiðu samstarfi við hagaðila og önnur embætti.





Hindrunarlaust samfélag

Sköpum **nýja framtíðarsýn** fyrir Brekkukot og Skógarlund.

Höldum áfram vandaðri uppbyggingu á **sérstökum búsetuúrræðum**.

Styttum **biðlista fyrir félagslegar íbúðir** og greiðum leiðina að aukinni sjálfseignastefnu.

Tryggjum **bætta þjónustu** við fullorðna einstaklinga og börn með einhverfu.

Þrýstum á að komið verði á fót **sértæku úrræði** fyrir fólk sem greinist með heilabilun.





Stóreflum hagsmunagæslu

Við ætlum að **stórefla hagsmunagæslu** Akureyrarbæjar og **standa vörð um lykilstofnanir** bæjarins, sem og um þjónustu ríkisins á svæðinu. Þetta viljum við gera í nánú samstarfi við nágrannasveitarfélög okkar.

Við ætlum að beita okkur fyrir **öruggari og betri samgöngum** við höfuðborgarsvæðið.

Við ætlum að standa vörð um **sterka heilbrigðisþjónustu**.

Við ætlum að efla **þjóðaröryggi og viðbragðsgetu** á Norðurlandi.

Við ætlum að berjast fyrir **stækkun Verkmenntaskólans á Akureyri**.

Við ætlum að **standa vörð um samgöngur** við Hrísey og Grímsey og tryggja að **eyjasamfélögin fái sanngjarna úthlutun** byggðakvóta.

Við ætlum að **efla Háskólabæinn** Akureyri.

Við ætlum að sækja stuðning í **öflugt menningarstarf** fyrir allan landshlutann.

Við ætlum að **endurvekja Vetrarípróttamiðstöð Íslands** og tryggja þannig uppbyggingu vetrarípróttamannvirkja.



Akureyri, 21. maí 2026

fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Heimir Örn Árnason

fyrir hönd L-listans:

Óðinn Svan Óðinsson

Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir

fyrir hönd Framsóknar:

Sunna Hlín Jóhannesdóttir

Gunnar Már Gunnarsson

